



Dómsmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

***Umsögn Reykjavíkurborgar um mál nr. 122/2022, frumvarp til laga um sýslumann.***

Reykjavíkurborg tekur heilshugar undir þau markmið sem birtast í lagafrumvarpinu og snúa að eflingu þjónustu við almenning, auknu framboði opinberrar þjónustu og auknu samstarfi við aðrar ríkisstofnanir og sveitarfélög. Sérstaklega er fagnað áformum um betri nýtingu stafrænna lausna fyrir framkvæmd þeirra verkefna sem eru á höndum sýslumannsembætta í dag.

Þrátt fyrir það að Reykjavíkurborg taki að meginstefnu undir þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu eru gerðar athugasemdir við það fyrirkomulag að gera einungis ráð fyrir að þjónusta sýslumanns skuli að lágmarki eingöngu vera veitt á einum stað á öllu höfuðborgarsvæðinu. Að sama skapi eru gerðar athugasemdir við það að það verði bundið í lögum að slík þjónusta skuli veitt í Kópavogi.

Reykjavíkurborg hefur margoft gert athugasemdir við að ekki skuli vera gert ráð fyrir þjónustu sýslumanns í höfuðborginni sjálfri og hvetur til þess að þessi ákvæði verði endurskoðuð.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
*Skrifstofustjóri borgarstjórnar*